

Föstudaginn 12.maí 1989.

Nr. 159/1989. **Jafnréttisráð vegna Helgu Kress**

gegn

menntamálaráðherra

og fjármálaráðherra

f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómi hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skv. heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1989. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardómnum verði hrundið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með vísun til forsendna hins kærða dóms ber að fallast á, að ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, leiði ekki til frávísunar frá héraðsdómi. Það athugast þó, að sóknaraðili hefur ekki stefnt Matthíasi Viðari Sæmundssyni til réttargæslu í málinu, sbr. 52. gr. laga nr. 85/1936.

Þá ber að fallast á, að fullnægt sé málshöfðunarskilyrðum í 16. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, með þeim úrbótatilmælum sóknaraðila 21. september 1987, sem lýst er í hinum kærða dómi. Hvað sem því líður, er þess að gæta, að upphaflegum setningartíma þess manns, sem settur var til að gegna hinni umdeildu lektorsstöðu, lauk 31. ágúst 1988, eftir að mál þetta var höfðað, svo að sóknaraðili gat eftir það eigi fengið dóm um, að Helga Kress yrði sett í stöðuna. Er þá eigi tekin afstaða til þess, hvort slíkt var unnt fram til 31. ágúst 1988. Hins vegar á sóknaraðili í samráði við Helgu lögvarinn rétt til að fá úr því skorið með dómi, hvort menntamálaráðherra hafi farið að lögum, þegar hann setti í stöðuna, enda er mál þetta tengt sérstökum hagsmunum, sem lög nr. 65/1985 eiga að vernda og hin sérstæða málshöfðunarregla 17. gr. laganna mótast af.

Í 17. gr. laga nr. 65/1985 segir:

„Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr., er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig, þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.“

Jafnréttisráð hefur höfðað mál þetta í samráði við Helgu Kress. Er þess í fyrsta lagi krafist, að „viðurkennt verði með dómi, að setning ... í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 hafi verið ólögmæt“. Er þetta, eins og á stendur, lögleg dómkrafa innan málshöfðunarheimildarinnar í 17. gr. laga nr. 65/1985.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi.

Dómur bærjapings Reykjavíkur 29. mars 1989.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 22. febrúar sl., vegna frávísunarkröfu stefndu, er höfðað fyrir bærjapingi Reykjavíkur af Jafnréttisráði, nnr. 4844-3338, Laugavegi 118 D, Reykjavík, vegna Helgu Kress, nnr. 3920-5769, Ásvallagötu 62, Reykjavík, gegn menntamálaráðherra f.h. menntamálaráðuneytis og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með stefnu, þingfestri 23. júní 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

1. að viðurkennt verði með dómi, að setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í lektorsstöðu í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. desember 1985 hafi verið ólögmæt,

2. að stefndu verði með dómi gert að greiða Helgu Kress kr. 500.000,00 í miskabætur með [nánar tilteknum vöxtum].

— — —

3. að stefndu verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi og stefndu til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefndu verði til dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til þrauta-

vara er þess krafist að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

Málið er til úrlausnar nú um frávisunarkröfu stefndu.

— — —

III.

Stefndu gera í máli þessu aðallega kröfu um frávisun málsins, svo sem fyrr greinir. Er sú frávisunarkrafa í fyrsta lagi á því byggð að með því að stefnandi hagar kröfugerð sinni á þann veg að krefjast sjálfstætt dómshöfðurkenningar á því að setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í þá lektorsstöðu, sem hann hefur gegnt undanfarin ár, hafi verið ólögmat, fáiast ekki séð, hvað sem öðrum annmörkum á þeirri kröfugerð liður, sbr. síðar, að úr þeirri kröfu verði leyst án aðildar hans, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

Þá byggja stefndu frávisunarkröfu sína einnig á því að í lögum nr. 65/1985, jafnstöðulögunum, sé kveðið á um málshöfðunarrétt Jafnréttisráðs í 17. gr. laganna. Ekki sé gert ráð fyrir í lögunum að Jafnréttisráð standi að málshöfðun til að framfylgja lögunum utan þeirra tilvika sem koma undir ákvæði 17. gr. Samkvæmt þeirri grein sé það skilyrði fyrir málshöfðun, að málsóknin eigi sér stað í því skyni að ná fram lögvörðum rétti aðila, sem telji á sér brotið, og Jafnréttisráð hafi, áður en til málsóknar komi, beint að gagnaðila ákveðnum tillögum um úrbætur, sbr. 16. gr. laganna, og að þeim tillögum hafi ekki verið sinnt.

Þessu ófrávikjanlega málshöfðunarskilyrði hafi stefnandi ekki fullnægt. Bréf stefnanda á dskj. nr. 17 uppfylli ekki kröfur laganna, þar sem þær kröfur, sem þar séu settar fram, séu augljóslega settar fram til málamynda í því skyni að reyna að komast fram hjá þessu lagaskilyrði. Stefnandi hafði áður sjálfur lýst því yfir að krafa um setningu Helgu í stöðuna væri þýðingarlaus úrbótarkrafa og bréfið hafi alls ekki borið með sér að hún væri samþykk þessum tilmælum. Að það bréf hafi verið sent til málamynda komi einnig skýrlega fram af kröfum í máli þessu, sem séu allt aðrar en hafðar voru uppi í bréfinu.

Ef ekki yrði fallist á að vísa málinu í heild frá dómi er af hálfu stefndu talið allt að einu óhjákvæmilegt að vísa viðurkenningarkröfu stefnanda frá dómi. Fyrir þessu eru færð eftirgreind rök:

1. Þegar af þeirri ástæðu, að setningartíminn í hina umdeildu stöðu sé liðinn, fáiast ekki séð, að lögvarðir hagsmunir standi til, að dæmt verði um þessa kröfugerð.

2. Ákvæði 17. gr. jafnstöðulaganna verði ekki skilið svo, að það heimili, að höfð sé uppi, samhliða bótakröfu, viðurkenningarkrafa er feli í sér þær málsástæður sem úrlausn um bótakröfuna velti á. Hvorki verði

ráðið af 17. greininni sjálfri, lögunum annars né lögskýringargögnum að reglan feli í sér nein frávik frá þessari grundvallarreglu réttarfars.

3. Í stefnu sé reyndar viðurkennt að sjálfstæð viðurkenningarkrafa helgist alls ekki af tilvist sérstakra lögvarinna hagsmuna Helgu Kress, er ekki verði leyst úr með úrlausn á miskabótakröfu hennar. Þvert á móti komi fram í stefnu að viðurkenningarkrafan sé hugsuð sem dóm sviðurkenning gagnvart Jafnréttisráði á því, að þau ákvæði laganna, sem mál-sóknin sé reist við, hafi verið brotin við stöðuveitinguna. Með þessari kröfugerð sé því leitað eftir lögfræðilegri álitsgerð andstætt 67. gr. eml. um sakarefni sem jafnstöðulögin veiti Jafnréttisráði eigi forræði um.

4. Tilgangur stefnanda sé í reynd sá að fá sérstaka res judicata úrlausn dómstóls um það að ráðherra hafi með stjórnarathöfn sinni á refsiverðan hátt gerst brotlegur við tiltekin lagaákvæði jafnstöðulaganna. Viðurkenningarkrafa stefnanda brjóti því einnig í bága við 68. gr. eml.

Stefnandi gerir kröfu til þess að frávisunarkröfu stefndu í heild og að hluta verði hrundið og stefnanda til dæmdur málskostnaður úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Stefnandi byggir á því að unnt sé að leysa úr viðurkenningarkröfu málsins án aðildar Matthíasar Viðars Sæmundssonar, sbr. 46. gr. 1. 85/1936, og að engir þeir annmarkar séu á málatalilbúnaði stefnanda að varðað geti frávisun málsins, hvorki í heild né að hluta. Málshöfðunarskilyrði 17. gr. séu uppfyllt með úrbótatillögum á dskj. nr. 17 og nægilegt sé að hafa uppi viðurkenningarkröfu eina sér, en tilgangurinn sé ekki að ná fram lögvörð-um rétti.

Ráðuneytið hafi ekki fallist á úrbótatillögu Jafnréttisráðs og þess vegna hafi málshöfðun verið heimil.

IV.

Af hálfu stefndu er annars vegar gerð krafa um frávisun málsins í heild, en hins vegar að viðurkenningarkröfunni verði vísað frá dómi.

Krafa stefndu um frávisun málsins í heild er í fyrsta lagi á því byggð að ekki verði um það dæmt, hvort setning Matthíasar Viðars Sæmundssonar í greinda lektorsstöðu hafi verið ólögmat, nema hann sé aðili að málinu, sbr. 46. gr. 1. nr. 85/1936.

Ekki verður talið að stefndi menntamálaráðherra og Matthías Viðar Sæmundsson eigi óskipta sakaraðild varnar megin í máli þessu í skilningi 46. gr. laga nr. 85/1936. Frávisun málsins á þeim grundvelli verður því ekki tekin til greina.

Krafa stefndu um frávisun málsins er einnig á því byggð að stefnandi hafi ekki fullnægt ófrávikjanlegu málshöfðunarskilyrði 17., sbr. 16. gr. laga nr. 65/1985 með fram settri úrbótakröfu sinni.

Með bréfi Jafnréttisráðs til menntamálráðherra, dags. 21. september 1987, var þeim tilmælum beint til hans að Helga Kress yrði þá þegar sett í umrædda stöðu lektors í íslenskum bókmenntum. Í svari menntamála-ráðherra, dags. 26. nóvember 1987, var lýst yfir, að menntamálráðuneytið gæti ekki orðið við tilmælunum.

Þegar greind tilmæli Jafnréttisráðs voru sett fram var setningartíminn í hina umdeildu stöðu ekki liðinn. Verður því að líta svo á að stefnandi hafi með úrbótakröfu sinni fullnægt lagaskilyrðum um málshöfðun.

Hins vegar hefur stefnandi hvorki höfðað mál þetta til að ná þeim rétti, sem tilmælin lutu að, né beinlínis til viðurkenningar á honum, svo sem málshöfðunarheimild 17. gr. laganna tekur til.

Kröfugerð stefnanda í máli þessu er annars vegar sett fram sem sjálfstæð viðurkenningarkrafa um ólögmæti þeirrar stjórnarathafnar menntamála-ráðherra sem hér um ræðir, en hins vegar sem miskabótakrafa Helgu Kress, sem byggð er á sömu málsástæðum og viðurkenningarkrafan, en einnig á 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og 17. og 18. gr. laga nr. 65/1985.

Kröfugerð Jafnréttisráðs, sem ekki hefur sjálfstæða málshöfðunarheimild, þykir, að því er viðurkenningarkröfuna varðar, ekki vera innan þeirra marka sem 17. gr. laga nr. 65/1985 setur. Þessi ágalli á málátilbúnaði stefnanda þykir vera þess eðlis að vísa beri frá dómi viðurkenningarkröfu stefnanda svo sem stefndu gera kröfu til.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans og réttarhlés.

D ó m s o r ð:

Framangreindri viðurkenningarkröfu stefnanda er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.